

**Nd.**

**506. Nefndarálit**

**[25. mál]**

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 1927.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta miðar að því að gera gagnkvæman þann rétt, er nú felst í 4 gr. sveitarstjórnarlaga, um stofnun nýs hrepps í sveitarfélagi, þar sem kauptún er, þegar íbúafjöldi kauptúns er 300 eða meira. Gert er ráð fyrir, að íbúar í sveit, er hafa verið með kauptúni í sveitarfélagi, geti ákveðið að skilja sig frá kauptúninu, séu þeir 100 eða fleiri.

Nefndin sendi frv. til Sambands ísl. sveitarfélaga og óskaði umsagnar þess um málið. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga tjáir sig mótfallinn þessari breytingu og ber því við, að þessi breyting muni stuðla að enn frekari skiptingu sveitarfélaganna, sem sé óheppileg þróun.

Nefndin lítur svo á, að hér sé raunverulega um réttlætismál að ræða, þ. e., að réttur til þess að skipta sveitarfélagi, þar sem kauptún og sveit heyra saman, sé gagnkvæmur, og beri því hið fyrsta að gera breytingu á þessu. Hins vegar er það skoðun nefndarinnar, að þörf sé á almennri endurskoðun sveitarstjórnarlaganna, þar sem þetta misræmi, er frv. fjallar um, ásamt ýmsum ágöllum öðrum verði lagfært.

Nefndin leyfir sér því að leggja til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um það, að sem fyrst fari fram almenn endurskoðun sveitarstjórnarlaganna til þess að bæta úr ýmsum ágöllum þeirra og að jafnframt verði ákvæðunum um skiptingu sveitarfélaga breytt í þá átt, að réttur til þess að skipta sveitarfélagi, þar sem kauptún og sveit eru í sama hreppi, sé gagnkvæmur, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1958.

Steingr. Steinþórsson,  
form., frsm.

Gunnar Jóhannsson,  
fundaskr.

Kjartan J. Jóhannsson.

Benedikt Gröndal. Ragnhildur Helgadóttir.